

## 139. Stjórnarfundur Fenúr

**Mætt:** Hafsteinn H. Gunnarsson, Bryndís Skúladóttir, Eiður Guðmundsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Ingbór Guðmundsson, Már Karlsson.

**Staður og stund:** Símafundur 10. janúar 2013, kl. 10:15 – 12:00

**Þetta gerðist**

### 1. Úrvinnsla haustfundar.

Ákveðið að birta á heimasíðu Fenúr samantekt og erindi. **RH** sér um það. **IG** sendir myndir. **BS** sendir á ráðuneyti öll gögnin, líka samantektir hópanna. Senda á Kjartan, Sigurbjörgu og Magnús. Ekki er vitað um framhaldsvinnu við landsáætlun.

### 2. Úrsögn Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun sendi bréf þann 18. desember þar sem stofnunin segir sig úr félaginu frá og með 1. janúar 2013. Samkvæmt samþykktum félagsins skal uppsögn berast fyrir 1. október ef hún á að taka gildi um áramót. Úrsögnin mun því taka gildi 1. janúar 2014. **HHG** lagði fram drög að bréfi til stofnunarinnar þar sem þetta er útskýrt og hvatt til að þau endurskoði afstöðu sína. **HHG** mun óska eftir fundi með stofnuninni og reynt verður að tryggja áframhaldandi samstarf.

### 3. Aðalfundur

**Staðsetning:** Fundurinn hefur verið haldinn hjá ýmsum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Höfum verið oftar en einu sinni á sumum stöðum. Sveitarfélögin hafa styrkt félagið með að bjóða aðstöðu. **IG** ræðir við tengiliði í Hafnarfirði um að greiða götu okkar.

**Tímasetning:** Tillaga um fimmtudag, 11. eða 18. apríl eða föstudag 12 eða 19. apríl.

**Skoðunarferð:** Hugmyndir eru um t.d. Hraunavík, skolpdælustöð eða heimsókn í álverið.

**Þema fundarins:** Nokkrar tillögur komu fram

- Í Danmörku hefur verið uppstokkun á samstarfsvettvangi líkum Fenúr og áhugavert væri að skoða forsendur fyrir breytingu. Í Svíþjóð og Noregi hefur þessi breyting átt sér stað fyrir nokkru.
- Breytingar í starfsumhverfi varðandi þrengri stöðu förgunar, urðunar og brennslu.
- Aðgerðir varðandi ákveðinn úrgang, t.d. sláturúrgang.
- Áhugavert að skoða hvaða fjárfestingar hafa verið gerðar og hverju þær skila. Einnig tengingar við frumkvöðla og aðra sem eru að þróa lausnir.
- Fá fyrirlesara frá Reykjavíkurborg um t.d. bláu tunnur.
- Fá einhvern úr Hafnarfirði því fundurinn verður þar.
- Staða landsáætlunar og aðrar fréttir frá ráðuneyti ef eitthvað nýtt er komið fram.
- Vel heppnað verkefni Kjötmjöls á endurvinnslu á lífrænum úrgangi.
- Orkuvinnsla úr úrgangi.
- Taka plast fyrir. Plastmótun. Á Akureyri er endurvinnsla á heyrúlluplasti í undirbúningi. eru möguleikar á að gera meira hér heima eða er betra að senda allt út ? 80% af plasti sem er upprunaflokkað fer í orkuvinnslu erlendis. Geyma til haustráðstefnu og hafa sem þema á heilum fundi.
- Álit samkeppniseftirlits um samkeppni á úrgangsmarkaði.

- Kynning á leit að urðunarstað á suðvesturlandi.
- Kynning á svæðisáætlun suðvesturlands, staða og horfur. Munur á stöðunni sem sett var fram 2009 og raunveruleika í dag.
- Umræða um kostnað, falinn kostnað og fleira. Hvað mega lausnirnar kosta. Greining á mismunandi leiðum og staðsetningum. Fá verkfræðistofu til að skoða það ?

Niðurstaða um skoða fyrst:

1. Frá ráðuneyti kynning á stöðu landsáætlunar og vinnu nefnda sem eru í gangi.
2. Kynning á góðum árangri verkefnis Kjötmjöls. (**GTÓ**)
- 3 Kostnaðargreiningar (**GTÓ**)

#### **4. Framtíð Fenúr.**

Heyrst hefur frá aðilum sem velta fyrir sér að hætta í samstarfinu. Skoða þarf betur í hverju ósættið felst. Verður skoðað. Ræða þarf betur að útsendingar félagsins verði í nafni Fenúr en ekki vinnuveitenda stjórnarmanna.

#### **5. Annað.**

- Ræða við félag umhverfisfræðinga og festa samstarfið betur í sessi.
- Rætt um aðild háskóla að félaginu og hvar þeir eru tilgreindir í gjaldskrá.

Fundi slitið kl. 12:00. Næsti fundur ákveðinn um mánaðarmót janúar og febrúar.

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir